

1991 EINKALEYFASSTOFAN 2001

# Ársskýrsla 2001



Júní 2002

# Efnisyfirlit

- 3 Horft um öxl á afmælisári
- 5 Umsóknir og skráningar á árinu 2001
  - Einkaleyfi – Vörumerki – Hönnunarvernd – Byggðarmerki
- 7 Um rekstur Einkaleyfastofunnar
  - Rekstrarafkoma ársins – Fjöldi starfsmanna – Starfsmannastefna – Námskeið – Starfsmenntun – Kaup á húsnæði fyrir starfsemina – Framkvæmdir og flutningar
- 9 Tíu ára afmæli ELS
  - Ráðstefnan „Hugverkavernd – Hvert stefnir?“ – Kynningarbæklingar – Saga hugverkaréttinda
- 11 Lög og reglugerðir
  - Lög um hönnun — Reglugerðir
- 11 Samskipti við iðnaðarráðuneyti
  - Nefnd um stöðu einkaleyfamála og aðild að EPC — Heimsókn iðnaðar- og viðskiptaráðherra — Endurnýjun rammisamnings — Nefnd um uppfinningar starfsmanna — Efling vitundar um einkaleyfi — Skýrsla um fjárhagsleg áhrif ELS við aðild að Evrópusáttmálanum um einkaleyfi (EPC)
- 14 Tengsl við innlend samtök og stofnanir
  - Samtök um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar — Félag umboðsmanna — Önnur samtök og stofnanir
- 15 Norrænt og alþjóðlegt samstarf
  - Fundir forstjóra norrænu einkaleyfastofnananna — Starfshópur um einkaleyfi — Starfshópur um vörumerki — Starfshópur um hönnun — Fundir stjórnarstofnana WIPO — Sérfræðingahópur EFTA/ESB — Samskipti við Eystrasaltsríki
- 17 Skipurit Einkaleyfastofu

## Horft um öxl á afmælisári

Á árinu voru liðin 10 ár frá því Einkaleyfastofan var sett á laggirnar sem sjálfstæð ríkisstofnun. Tímamótin miðast við gildistöku reglugerðar nr. 188 sem gefin var út af iðnaðarráðherra 1. júlí 1991. Með útgáfu reglugerðarinnar var með vissum hætti verið að staðfesta orðinn hlut, því starfsemi einkaleyfa- og vörumerkjadeildar iðnaðarráðuneytisins hafði flust úr húsakynnum ráðuneytisins í október 1988. Fjárhagslegur aðskilnaður átti sér stað um svipað leyti og var starfsemi deildarinnar skilgreind sem sérstakur liður á fjárlögum líkt og aðrar stofnanir undir ráðuneytinu. Bein afskipti ráðuneytisins af daglegum rekstri voru orðin lítil sem engin. Á þessum tíma störfuðu um 6-8 manns hjá deildinni. Engan mun hafa órað fyrir því á þessum tíma að 10 árum síðar yrði fjöldi starfsmanna kominn á þriðja tuginn eins og nú er reyndin.

### Jákvæð þróun – Breytt starfsumhverfi

Í ársskýrslunni er m.a. vikið að því með hvaða hætti stofnunin hélt upp á þessi tímamót. Á afmælisárinu tókst m.a. að ljúka ritun og útgáfu *Sögu hugverkaréttinda í íslensku atvinnulífi á 19. og 20. öld*. Í bókinni er m.a. fjallað um aðdraganda að stofnun Einkaleyfastofunnar og stiklað á stóru um þróun á málasviðinu og innan stjórnkerfisins fram til þessa. Ekki er að efa að á komandi tíð munu margir sækja fróðleik í þessa bók um upphaf og þróun hugverkaréttinda hér á landi.

Þegar litið er yfir 10 ára starfstíma stofnunarinnar verður að telja að þróunin hafi verið mjög jákvæð, einkum og sér í lagi eftir

miðjan síðasta áratug. Tilgangurinn með vernd einkaleyfa, vörumerkja og hönnunar er þó óbreyttur og verkefnið í eðli sínu hin sömu og fyrr. En umfang þeirra og starfseminnar í heild hefur margfaldast. Þar kemur bæði til mikil fjölgun umsókna, sér í lagi um einkaleyfi og vörumerki, og breyttar og skýrari reglur um meðferð umsókna. Með nokkrum rétti má því segja að starfsumhverfi Einkaleyfastofunnar hafi gjörbreytst á 10 árum. Jafnframt, og það sem meira er um vert, hafa hugverkaréttindi fengið aukna athygli og aukið vægi í atvinnulífinu og samtökum og stofnunum sem því eru tengdar. Í þessu efni koma margir og mismunandi þættir við sögu. Hér verður stuttlega dregið á nokkrar breytingar sem telja má til framfara, samfélagsleg áhrif þeirra og áhrif á starfsemi Einkaleyfastofunnar.

### Reglur og alþjóðlegir samningar

Á öllum verndarsviðum hafa lög og reglugerðir tekið umtalsverðum breytingum. Löggjöf um vernd á hönnun var fyrst sett hér 1993 og hefur hún síðan verið endurskoðuð. Auk aðildar að Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar (stjórnunarhluta, árið 1961) og Alþjóðahugverkastofnuninni, WIPO (1984) hafa 6 alþjóðlegir hugverkaréttarsamningar tekið gildi hér á landi. Veigamestu samningarnir eru PCT-samningurinn (1995) á sviði einkaleyfa og Madrid-bókunin (1997) á sviði vörumerkja. Þessir samningar hafa hvor um sig leitt til mikillar fjölgunar umsókna. Aðild Íslands að EES-samningnum (bókun 28), og löggjöf er hafði að markmiði að samræma reglur okkar á sviði hugverkaréttinda þróuninni í Evrópu, eru óefað stærstu áhrifaþættirnir í þessum breytingum.

## Norrænt og alþjóðlegt samstarf

Norræna samstarfið, sem Ísland hóf þátttöku í laust fyrir 1980, hefur orðið víðtækara með ári hverju. Norrænir vinnuhópar starfa nú á öllum vendar sviðum. – Þátttaka í starfi Alþjóða-hugverkastofnunarinnar, WIPO, hefur vaxið umtalsvert eftir aðild að fyrrgreindum alþjóðasamningum. Auk þess að taka þátt í fundum og ráðstefnum hefur ELS í vaxandi mæli nýtt sér ýmis námskeið sem WIPO býður upp á.

Norræna og alþjóðlega samstarfið hefur verið til mikilla hagsbóta fyrir innra starf ELS og óbeint verið gagnlegt fyrir viðskiptavinum og alla sem vinna á sviði hugverkaréttinda hér á landi.

ELS hefur á síðustu árum lagt sitt af mörkum til að vekja umræðu um og kanna hagkvæmni þess að Ísland gerist formlegur aðili að Evrópsku einkaleyfastofnuninni, EPO. Þess kann að vera skammt að bíða að stjórnvöld taki ákvörðun um þetta efni.

## Samstarf við stjórnkerfið, atvinnulíf, rannsóknarstofnanir og skóla

Áhugi og skilningur meðal þessara aðila á gildi hugverkaréttinda hefur vaxið til muna. – Við umfjöllun um lagafrumvörp og alþjóðasamninga innan stjórnkerfisins og á Alþingi hefur þekking á hugverkaréttindum aukist verulega. Sama á við um samtök í atvinnulífi, sem í vaxandi mæli eiga frumkvæði að umræðu um ýmsa þætti hugverkaréttinda eða samstarfi um fræðslu varðandi málavæði. Innan rannsóknarstofnana og í háskólaumhverfinu hefur þekking og áhugi á hugverkaréttindum vaxið jafnt og þétt. Vaxandi fjöldi einkaleyfis-umsókna frá íslenskum aðilum, jafnt hér heima


og í öðrum ríkjum, vitnar um þetta. – Kennsla um hugverkaréttindi í Háskóla Íslands (frá 1995) er einnig framfaraspor.

## Starfsaðstaða og innri málefni

Vöxtur í starfsemi og góð fjárhagsleg afkoma hefur gert stofnuninni kleift að bæta í áföngum vinnuástöðu og vinnuumhverfi starfsmanna. Stærsta skrefið var stigið á afmælisárinu þegar stofnunin flutti í eigið húsnæði að Skúlagötu 63.

Vaxandi áhugi fyrir hugverkaréttindum úti í samfélaginu hefur rofið þá einangrun stofnunarinnar sem áberandi var á fyrstu starfsárum hennar. Þetta hefur haft örvandi áhrif á starfsmenn Einkaleyfastofunnar og starfsemina í heild. Stofnunin nýtur góðs af því að fólk sem hefur aflað sér sérmenntunar á sviði hugverkaréttinda leitar þar eftir störfum. Sama gildir um þá sem hafa aflað sér skemmri starfsmenntunar og starfsþjálfunar. Þekking og reynsla sem fólk aflar sér í starfi hjá Einkaleyfastofnunni kemur líka samfélaginu til góða þótt viðkomandi hverfi til annarra starfa.

„Hugverkavernd – Hvert stefnir?“ var yfirskrift afmælisráðstefnu Einkaleyfastofunnar. Í máli framsögumanna og annarra sem þar tóku til máls bar oft á góma orðið „þekkingarsamfélag“ og menn lögðu sig fram um að skýra hvað í því fælist. Það var mál manna að hugverkavernd myndi fá stöðugt aukið vægi í þeirri þróun sem vænta má á næstu árum. Í ljósi þessa er nærtækt að álykta sem svo að stofnanir og fagfólk sem haslar sér völl á þessu sviði þurfi ekki að kvíða verkefna-skorti.





Gunnar Guttormsson  
forstjóri

# Umsóknir og skráningar á árinu 2001


## Einkaleyfi

Umsóknir á árinu voru samtals 414 (471 árið 2000). Þetta eru um 13% færri umsóknir en á árinu 2000. Grunnumsóknir íslenskra aðila voru 42 talsins (45 árið 2000). Yfirfærðar alþjóðlegar umsóknir (PCT) voru samtals 356 (411 árið 2000), þar af voru 7 í eigu íslenskra aðila (6 árið 2000). Umsóknir frá erlendum aðilum (utan PCT) voru 16 (15 árið 2000).

Veitt einkaleyfi voru samtals 42 á árinu, en þau voru 16 á árinu 2000. Þar af voru veitt 5 einkaleyfi til íslenskra aðila (2 árið 2000) og 37 til erlendra aðila (14 árið 2000).



Einkaleyfisumsóknir 1997-2001 hlutfallsleg skipting (1810 ums.) eftir löndum



Einkaleyfisumsóknir 1997-2001 hlutfallsleg skipting eftir tæknisviðum


## Vörumerki

Umsóknir og tilnefningar vegna alþjóðlegra skráninga á árinu voru samtals 4048 (4636 árið 2000) sem er 15% fækkun miðað við fyrra ár. Þar af voru tilnefningar vegna alþjóðlegra skráninga samkvæmt Madrid-bókuninni 2091 (2711 árið 2000).


Umsóknir frá íslenskum aðilum voru 359 (954 árið 2000) og frá erlendum aðilum 680 (971 árið 2000).

Skráningar á landsbundnum umsóknum voru 1125 (1513 árið 2000), þar af 411 í eigu íslenskra aðila og 714 í eigu útlendinga.


Umsóknir íslenskra aðila um alþjóðlega skráningu vörumerkis voru 5 talsins (29 árið 2000).



Vörumerkjaumsóknir 1997–2001



Hlutfallsleg skipting vörumerkjaumsókna 1997–2001 eftir heimalandi umsækjanda




Hlutfallslegt skipting algengustu vöruflokka í vörumerkjaumsóknum 1997-2001

## Hönnunarvernd

Umsóknir voru 24 talsins (37 árið 2000), þar af 14 frá innlendum aðilum (22 árið 2000) og 10 frá erlendum umsækjendum (15 árið 2000).

Skráðar hannanir voru 31 talsins (32 árið 2000), 16 frá íslenskum aðilum (22 árið 2000) og 15 frá erlendum aðilum (19 árið 2000).



## Byggðarmerki

Á árinu var sótt um skráningu á tveimur byggðarmerkjum. Þrjú byggðarmerki voru skráð á árinu.

## Um rekstur

### Einkaleyfastofunnar

#### Rekstarafkoma ársins

Rekstrartekjur skv. ríkisreikningi (sértekjur og aðrar rekstrartekjur) voru 121,8 mkr.

Rekstrarkostnaður var 98,6 mkr. Stofnkostnaður vegna almenns rekstrar var 3,0 mkr. og stofnkostnaður vegna fasteignar 123,1 mkr.

eða samtals 126,0 mkr. Heildarútgjöld námu því 224,7 mkr.

Bókfært tap ársins var 102,9 mkr. Eigið fé (höfuðstóll) í ársbyrjun var 120,5 mkr. (uppsafnaður hagnaður fyrri ára sem heimilt var að nýta til kaupa á fasteign).

Í árslok var eigið fé að teknu tilliti til rekstartaps (og 206 þús. kr. eftirstöðva ríkistekna í árslok 2000) 17,8 mkr.

Gjaldskrá stofnunarinnar var óbreytt frá fyrra ári og hefur að heita má verið óbreytt frá 1. janúar 1997. Stofnunin gerði iðnaðarráðuneytinu (í nóv.) ítarlega grein fyrir þróun gjaldskrár á síðustu árum og óskaði eftir því að einstakir liðir hennar yrðu hækkaðir m.t.t. verðlagsþróunar og breytinga í starfseminni. Í framhaldi af því fór fram endurskoðun á gjaldskránni. Heimilaðar breytingar koma þó ekki til framkvæmda fyrr en í ársbyrjun 2002.

## Fjöldi starfsmanna

Fastir starfsmenn voru 25 í lok ársins, þar af tveir starfsmenn í hlutastarfi við ræstingarstörf. Konur voru 20 og karlar 5. Tveir starfsmenn voru við afleysingastörf yfir sumarmánuðina, og starfsmaður frá lettnesku einkaleyfastofnuninni vann hjá stofnuninni í júlí.

Iðnaðarráðherra veitti Gunnari Guttormssyni eins árs leyfi frá störfum forstjóra, frá 1. nóv., og setti Ástu Valdimarsdóttur yfirlögfræðing til að gegna starfi forstjóra frá sama tíma.

## Starfsmannastefna

Á starfsmannafundi í október var samþykkt starfsmannastefna fyrir stofnunina. Með starfsmannastefnunni eru mótaðar leikreglur um fjölmörg atriði sem varða starfsmenn og

vinnustaðinn. Lögð er m.a. áhersla á jafnrétti kynjanna, samstöðu starfsmanna um skilvirka stjórnunarhætti og góðan vinnuanda, virkt upplýsingaflæði og þátttöku starfsmanna í ákvörðunum varðandi starfsskilyrði og vinnuumhverfi. Einnig er fjallað um nauðsyn þess að starfsmenn hafi áhrif á stefnumótun varðandi reksturinn. – Gert er ráð fyrir að starfsmannastefnan verði í stöðugri endurskoðun.

## Námskeið – starfsmenntun

Starfsmenn tóku þátt í mörgum námskeiðum á árinu. Fjórir starfsmenn sóttu tungumálanámskeið hjá Mími og hjá Endurmenntun HÍ. Deildarstjóri einkaleyfedeildar sótti (í mars) námskeið um rannsóknir á einkaleyfisumsóknum hjá sænsku einkaleyfastofnuninni. Tveir starfsmenn einkaleyfedeildar sóttu (í apríl) grunnnámskeið um PCT-kerfið í London og einn framhaldsnámskeið um PCT (í des.). Þrír starfsmenn sóttu námskeið hjá WIPO, þar af einn námskeið (í nóv.) um Haag-samninginn um alþjóðlega skráningu hönnunar og tveir námskeið (í des.) hjá sömu stofnun um nýtt flokkunarkerfi vörumerkja. Þá sótti netstjóri nokkurra vikna námskeið (hófst í nóv.) um viðgerðir á tölvum og námskeið (í feb.) hjá Margmiðlunarskólanum um notkun forritsins Photoshop.

Auk framangreindra námskeiða sóttu nokkrir starfsmenn fyrirlestra um ýmis efni sem beint eða óbeint tengjast hugverkaréttindum.

Hafinn var á árinu undirbúningur að innra fræðslustarfi ELS og fræðslu fyrir umboðsmenn og aðra viðskiptavinum.

## Kaup á húsnæði fyrir starfseminu – Framkvæmdir og flutningar

Í byrjun febrúar leitaði Einkaleyfastofan eftir heimild iðnaðarráðuneytis til að nýta heimild í fjárlögum ársins til kaupa á húsnæði og til að ganga frá kaupsamningi vegna 2. og 3. hæðar Skúlagötu 63 innan tilskilins frests í samræmi við kaupréttarákvæði húsaleigusamnings við G. Fossberg ehf. (frá 22. ágúst 2000)

Kaupsamingur var undirritaður þ. 6. apríl. Um er að ræða kaup á tveimur hæðum sem, ásamt hlutdeild í sameign, eru hvor um sig 455,7 (3. h.) og 456,7 (2. h.) fermetrar. Geymslurými í kjallara er 107,65 ferm. Samtals er hin keypta eign 1018,4 ferm. og eignarhluti ELS í húsi 56,91%. Kaupverð eignarhlutans var 78,2 millj. kr.

Að undangengnu útboði (frá fyrra ári) í endurbætur á húseigninni var samið við Aftak ehf. um að taka að sér framkvæmdirnar. Upphæð tilboðsins var kr. 25.086, millj. kr. eða 90,87% af áætluðum kostnaði. Þá var samið við Íslandslyftur ehf. um uppsetningu lyftu í húsið. Fyrirtækið bauð 4.651.500 millj. kr. í verkið og var upphæðin 90,3% af áætluðum kostnaði.

Vegna tilmæla frá fjármálaráðuneyti (nefndar um skipan opinberra framkvæmda) féllst Einkaleyfastofan á að framkvæmdir á árinu 2001 tækju fyrst og fremst til 2. hæðar og uppsetningar á lyftu. Endurbætur á 3. hæð skyldu miðast við bráðabirgðalagfæringar að öðru leyti en því að ljúka skyldi gerð hringstiga milli hæðanna (í austurhluta hússins) og fullnaðarfrágangi um 100 ferm. rýmis næst honum. – Að mati stofnunarinnar fólst umtalsvert óhagræði í því að vinna verkið í tveimur áföngum, þ.e. að þurfa að ráðast síðar í fullnaðarfrágang á skrifstofum á 3. hæð.

Framkvæmdir við endurbætur og breytingar



á húsnæðinu hófust í byrjun janúar, og lauk þeim á áætluðum tíma, eða í júní. Eftirlit með verkinu f.h. Framkvæmdasýslu hafði Verkfræðiskrifstofa Sigurðar Thoroddens hf. Úttekt eftirlitsaðila fór fram 1. júní.

Framkvæmdasýsla sendi frá sér „skilamat“ (skv. reglum Ríkisbókhalds) í desember 2001. Heildarkostnaður var um 10% undir áætluðum kostnaði. Heildarkostnaður á hvern ferm. var kr. 46.621. Nánar varðandi einstaka þætti framkvæmdarinnar, þ.e. áætlunargerð, verklega framkvæmd, reikningslegt uppgjör, niðurstöður o.fl., vísast til skilamatsskýrslunnar.

Flutningur starfseminnar frá Lindargötu 9 að Skúlagötu 63 fór fram um mánaðamótin júní-júlí og 2. júlí opnaði stofnunin afgreiðslu í hinum nýju húsakynnum að Skúlagötu 63. Geymsluhúsnæði, sem stofnunin hafði á leigu í Hellusundi 3, var sagt upp frá 30. júní og gögn sem þar voru geymd flutt á Skúlagötu.

Það er mat Einkaleyfastofunnar að vel hafi tekist til við endurbætur á húsnæðinu. Stofnunin hefur nú yfir að ráða eigin húsnæði sem hefur gjörbreytt allri starfsaðstöðu hennar. Aðstaða viðskiptavina batnar einnig umtalsvert, bæði vegna betri aðstöðu í afgreiðslu, lyftu í húsinu og möguleika varðandi bílastæði.

## Tíu ára afmæli ELS

Stofnunin varð 10 ára á árinu. Tímamótin miðast við gildistöku reglugerðar nr. 188/1991 um Einkaleyfastofu, en reglugerðin tók gildi 1. júlí það ár.

Snemma á árinu var ákveðið að halda upp á afmælið með átaki í upplýsingamiðlun og útgáfu um starfssviðið hugverkaréttindi. Þrjú verkefni urðu fyrir valinu: ráðstefna um

alþjóðlega þróun hugverkaréttinda, útgáfa upplýsingabæklinga, og útgáfa bókarinnar *Saga hugverkaréttinda í íslensku atvinnulífi*. – Verður hér vikið stuttlega að hverjum þessarra þátta.

## Ráðstefnan „Hugverkavernd – Hvert stefnir?“

Ráðstefnan var haldin á Grand Hótel 22. júní. Forstjóri ELS setti ráðstefnuna með stuttu ávarpi, bauð ráðstefnugesti velkomna og fól Sigríði Ólafsdóttur, verkefnisstjóra hjá Lyfjapróun að stýra ráðstefnunni. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, ávarpaði síðan ráðstefnuna.

Aðalframsögumaður var Mogens Kring, forstjóri dönsku einkaleyfastofnunarinnar (Patent- og varemærkestyrelsen). Fyrirlestur sinn nefndi hann „Vidensamfund og ny økonomi – nye perspektiver og nye krav til eneretsaktørerne i det 21. århunderde“. Erindi Mogens Kring var útbýtt á ráðstefnunni.

Stutt erindi fluttu Baldur Hjaltason, efnafræðingur, og fjallaði um spurninguna: „Hvers virði eru einkaleyfi?“. Ásta Valdimarsdóttir, yfirlögfræðingur hjá Einkaleyfastofunni fjallaði um efnið „Einkaleyfi og hugbúnaður“. Þá ræddi Hilmar B. Janusson efnaverkfræðingur um efnið „Samræming einkaleyfa“ og Ásdís Magnúsdóttir lögfræðingur um „Vernd uppfinninga á sviði líftækni – staðan í Evrópu“.

Að framsöguræðum loknum voru fyrirspurnir og almennar umræður. Ráðstefnan var öllum opin og sóttu hana um 70 manns.

Forstjórum allra norrænu einkaleyfastofnananna var boðið til ráðstefnunnar. Að ráðstefnunni lokinni bauð Einkaleyfastofan erlendu gestunum, fyrrverandi starfsmönnum

stofnunarinnar og nokkrum fulltrúum stofnana og samtaka til móttöku í húsakynnum hótelsins.

Um kvöldið var afmælishóf á Hótel Borg fyrir starfsmenn Einkaleyfastofunnar. Heiðursgestir í samkvæminum voru iðnaðar- og viðskiptaráðherra, ásamt tveimur starfsmönnum ráðuneytisins, og forstjórar norrænu einkaleyfastofnananna eða fulltrúar þeirra. – Eftir kvöldverð var fjölbreytt skemmtidagskrá.

## Kynningarbæklingar

Þrjú nýjir eða endurbættir bæklingar voru gefnir út á árinu:

*Almennar upplýsingar – Vernd hugverkaréttinda í atvinnulífi.* Tilgangur bæklingins er að gefa heildarmynd af öllum sviðum hugverkaréttinda. Gerð er grein fyrir merkingu hugtaksins hugverkaréttur og fjallað í mjög stuttu máli um þau þrjú verndarsvið sem lög hafa verið sett um hér á landi, þ.e. einkaleyfi, vörumerki og hönnun.

*Að sækja um einkaleyfi.* Tilgangur þessa bæklingis er að auðvelda þeim sem hyggjast sækja um einkaleyfi að ganga frá umsóknum sínum í samræmi við gildandi reglur. Hugtök sem fyrir koma eru útskýrð. Fjallað er um alla þætti varðandi frágang og innihald einkaleyfisumsókna og útskýrt með dæmum hvernig umsókn er byggð upp. Þá er rætt um meðhöndlun umsókna hjá Einkaleyfastofunni, hvernig rannsókn er háttáð og veitingu einkaleyfis. Einnig er rætt almennt um gjöld, gildistíma og birtingu umsókna og veittra einkaleyfa.

*Hönnun.* Í þessum bæklingi er útskýrt hvað felst í hönnunarrétti, í hvaða tilvikum hönnunarvernd á við og hverjir eru helstu ávinningar við að skrá hönnun. Þá er fjallað

um helstu skilyrði verndar, hvernig sótt er um vernd og meðhöndlun umsókna. Sýnd eru mörg dæmi um mismunandi skráningar.

Framangreinda bæklinga, og þá sem áður hafa verið gefnir út, er nú hægt að fá í „pakka“ eða sérhannaðri möppu hjá stofnuninni.

## Saga hugverkaréttinda

Bókin kom út sama dag og afmælisráðstefnan var haldin (22. júní) og áttu þátttakendur kost á að kaupa hana á sérstöku kynningarverði. –

Höfundur bókarinnar er Sumarliði R.

Ísleifsson, járnsmiður og sagnfræðingur. Bókin er 183 blaðsíður og prýdd fjölda mynda.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir ritar ávarpsorð.

Um efni bókarinnar segir m.a. á bókarkápu: „Í bókinni er fjallað um sögu hugverkaréttinda í atvinnulífi á Íslandi frá því á ofanverðri 19. öld. Gerð er grein fyrir lagasetningu á þessum sviðum til loka 20. aldar og í því samhengi fyrstu tilraunum til þess að setja lög um einkaleyfi hér á landi 1875. Aðild Íslands að alþjóðasamningum á málavíðinu, þróun stjórnisýslunnar og norræns samstarfs fær ítarlega umfjöllun í bókinni. Þá er sérstaklega fjallað um stofnun og starfsemi Einkaleyfastofunnar og þær víðtæku breytingar sem urðu innan þessa málaflokks á tveimur síðustu áratugum 20. aldar“.

Ákveðið var þegar á árinu 1997, að höfðu samráði við Iðnaðarráðuneytið, að ráðast í útgáfu bókarinnar. Höfundur vann að verkinu í áföngum frá árinu 1998.

## Löggjöf og reglugerðir

### Lög um hönnun

Ný og endurskoðuð lög um hönnun voru sett á árinu. Lögin, nr. 46/2001, tóku gildi 1. apríl.

Löggjöfin tekur mið af tilskipun Evrópu-sambandsins (98/71/EC) sem miðar að því að löggjöf á þessu sviði sé sem líkust innan bandalagsins og á EES-svæðinu. Lögin fela ekki í sér neinar grundvallarbreytingar frá eldri lögum, en með þeim eru sköpuð skilyrði fyrir aðild Íslands að alþjóðlegum samningi (Haag-samningnum) um alþjóðlega skráningu hönnunar.

Lagafrumvarpið var samið af nefnd sem iðnaðarráðherra skipaði árið 1999. Nefndin lauk störfum á árinu 2000. Formaður nefndarinnar var Ásta Valdimarsdóttir, yfirlögfræðingur hjá Einkaleyfastofu. Aðrir í nefndinni voru Jón Arnalds, hrl. og Jón Ögmundur Þormóðsson, skrifstofustjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

### Reglugerðir

Einkaleyfastofan vann fyrir ráðuneytið að undirbúningi ýmissa reglugerða er varða hugverkaréttindi. Eftirtaldar reglugerðir voru settar og tóku gildi á árinu:

- Reglugerð (nr. 683/2001) um breytingu á rg. nr. 673/1996 um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl., með síðari breytingum.
- Reglugerð (nr. 706/2001) um skráningu hönnunar.
- Reglugerð (nr. 916/2001) um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.
- Reglugerð (nr. 926/2001) um breytingu á reglugerð varðandi umóknir um einkaleyfi o.fl. nr. 574/1991, með síðari breytingum.

## Samskipti við iðnaðarráðuneyti

### Nefnd um stöðu einkaleyfamála og aðild að EPC

Ráðuneytið skipaði nefndina í júní. Í henni áttu sæti sex menn. Formaður var Sveinn Þorgrímsson, skrifstofustjóri. Fulltrúi Einkaleyfastofu var Elín Ragnhildur Jónsdóttir, efnaverkfræðingur og deildarstjóri einkaleyfadeildar. Nefndin lagði til að „iðnaðarráðherra hefji nú þegar undirbúning að aðild Íslands að Evrópusáttmálanum um einkaleyfi með gerð frumvarps vegna nauðsynlegra breytinga á lögum og aðildarumsókn í kjölfar þess”. (Greinargerð nefndarinnar er á heimasíðu ráðuneytisins).

Meðal gagna sem nefndin studdist við í störfum sínum voru tvær skýrslur sem Einkaleyfastofan hlutaðist til um að yrðu unnar. Annars vegar er álitgerð sem prófessorarnir Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson unnu fyrir Einkaleyfastofuna á árinu 1997 (*Álitgerð um það hvort hugsanleg aðild Íslands að Evrópusáttmálanum um einkaleyfi, þ.e. European Patent Convention (EPC) fari í bága við ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar*). Hins vegar skýrsla Magnúsar Fjalars Guðmundssonar, hagfræðings, sem nefnist: *Fjárhagsleg áhrif á rekstur Einkaleyfastofunnar við aðild Íslands að Evrópusáttmálanum um einkaleyfi*. Skýrslan var unnin í nóvember 2001 (sjá umfjöllun á bls. 13).

### Heimsókn iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, heimsótti Einkaleyfastofuna í

byrjun september. Með ráðherranum voru Þorgeir Örlygsson, ráðuneytisstjóri, Jón Ögmundur Þormóðsson, skrifstofustjóri og Páll Magnússon, aðstoðarmaður ráðherra. Tilgangur heimsóknarinnar var að kynna starfsemi stofnunarinnar. Ráðherra skoðaði hin nýju húsakynni en síðan var upplýsingafundur í fundarsal stofnunarinnar. Forstjóri, gerði grein fyrir endurbótum á húsnæðinu og kostnaði við þær. Fram kom að kostnaður við framkvæmdirnar hefði verið ívið lægri en áætlun gerði ráð fyrir, einnig að framkvæmdum á 3. hæð hefði verið frestað að beiðni fjármálaráðuneytis. Forstjóri vék einnig að fjárhagsstöðu stofnunarinnar og horfum á næstunni. – Ásta Valdimarsdóttir, yfirlögfræðingur, kynnti stöðu mála á sviði vörumerkja og hönnunar og gaf yfirlit um þróun umsókna og skráninga. Einnig ræddi hún almennt um alþjóðlega þróun á sviði hugverkaréttinda og samstarf milli Norðurlanda. - Elín Ragnhildur Jónsdóttir, deildarstjóri einkaleyfedeildar, gerði grein fyrir starfi stofnunarinnar á sviði einkaleyfa, fjölda umsókna og hvernig stofnunin aðstoðar umsækjendur við að kanna einkaleyfishæfi þeirra. Einnig vék hún að starfi nefndar iðnaðarráðuneytisins sem er að kanna hugsanlega aðild Íslands að EPC og vék í því samhengi að alþjóðlegri þróun á málavíðinu.

Margar fyrirspurnir komu fram um einstaka þætti í starfseminni og spunnust um þær líflegar umræður. – Heimsókninni lauk með léttum hádegisverði. Gestirnir fengu afhenta möppu með kynningarbæklingum stofnunarinnar og bókina Sögu hugverkaréttinda í íslensku atvinnulífi, sem gefin var út í tilefni af 10 ára afmæli stofnunarinnar.

## Endurnýjun rammisamnings (árangursstjórnunarsamningur)

Samningur iðnaðarráðuneytisins og Einkaleyfastofunnar er gerður var á árinu 1998 var endurskoðaður. Jón Ögmundur Þormóðsson, skrifstofustjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu vann að endurskoðuninni í samráði við forstjóra ELS. Hinn endurskoðaði samningur var undirritaður 12. september. Meðal breytinga á samningnum má nefna aukna áherslu á hagkvæmni í rekstri stofnunarinnar og skýrari ákvæði um hlutverk hennar í alþjóðasamstarfi á málavíðinu.

## Nefnd um uppfinningar starfsmanna.

Í september skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra nefnd 6 manna um uppfinningar starfsmanna. Hlutverk nefndarinnar er að semja nauðsynleg lagafrumvörp og skal í því starfi m.a. líta til danskrar löggjafar um þessi efni. Stefnt er að því að unnt verði að leggja frumvörp fram á næsta löggjafarþingi og skal nefndin skila skýrslu með drögum að frumvörpum fyrir áramótin 2002/2003. Formaður nefndarinnar er Árni Vilhjálmsson hrl. – Aðdraganda að skipun nefndarinnar má m.a. rekja til samstarfs ráðuneytisins og Einkaleyfastofu um að upplýsa almenning um stöðu þessarra mála í nálægum löndum, einkum annars staðar á Norðurlöndum. Samstarfið hófst með upplýsingafundi á Hótel Holti á árinu 1999, þar sem forstjóri norsku einkaleyfastofnunarinnar hélt erindi (sbr. ársskýrslu 1999).

## Efning vitundar um einkaleyfi

Nefnd sú er iðnaðarráðherra skipaði á árinu 1999 til að gera tillögur um þetta efni, lauk störfum í desember. Nefndin hafði það verkefni að skilgreina með hvaða hætti væri hægt að hrinda í framkvæmd fyrirbyggjandi tillögum frá nefnd sem starfaði á vegum iðnaðarráðuneytisins á árinu 1998-'99 (sbr. greinargerð í júní 1999) um „hvaða aðgerðir væru líklegar til að auka þekkingu og skilning atvinnulífsins á efnahagslegu gildi einkaleyfa og annarra hugverkaréttinda“.

Nefndin átti fundi með mörgum aðilum í atvinnulífi og rannsóknargeiranum. Í ljós kom að þessir aðilar vita oft lítið hver af öðrum og þörf er á að samstillta krafta þeirra við stefnumörkun og fleiri þætti er tengjast einkaleyfum.

Tillögurnar taka til margra þátta, s.s. lagaumhverfis, stöðu einkaleyfamála hér með tilliti til alþjóðlegs og svæðisbundins samstarfs, hlutverks Einkaleyfastofu og myndun samstarfsvettvangs um fræðslumál á sviði hugverkaréttinda. (Nánar vísast til greinargerðar nefndarinnar á heimasíðu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins).

Formaður nefndarinnar var Baldur Hjaltason, efnáfræðingur. Fulltrúi Einkaleyfastofu var Ásta Valdimarsdóttir, yfirlögfræðingur.

## Skýrsla um fjárhagsleg áhrif á rekstur ELS við aðild að EPC

Tilgangur könnunarinnar var að athuga fjárhagsleg áhrif hugsanlegrar aðildar Íslands að Evrópusáttmálanum um einkaleyfi (EPC) á rekstur Einkaleyfastofunnar. Einkaleyfastofan og iðnaðarráðuneytið (nefnd m. um stöðu einkaleyfamála) stóðu saman að könnuninni. Magnús Fjalar Guðmundsson, hagfræðingur, (í Svíþjóð) var fenginn til að gera könnunina. Í

október vann hann nokkra daga á ELS til að safna upplýsingum og gögnum og naut til þess aðstoðar starfsfólks stofnunarinnar. Skýrslu sinni, „*Fjárhagsleg áhrif á rekstur Einkaleyfastofunnar við aðild Íslands að Evrópusáttmálanum um einkaleyfi*“, skilaði hann í nóvember.

Skýrsla Magnúsar er mjög ítarleg. Hér verður aðeins vikið að örfáum atriðum sem fram koma í skýrslunni.

Fyrst er gerð grein fyrir tilefni og forsendum könnunarinnar. Á grundvelli tölulegra upplýsinga um þróun einkaleyfisumsókna frá innlendum og erlendum aðilum á síðustu 10 árum er síðan leitast við að spá fyrir um fjölda umsókna til ársins 2010. Ekki er gert ráð fyrir að aðild að EPC hafi nein áhrif á fjölda innlendra umsókna (kafla 2.1.1). Talið er að fjöldi umsókna erlendra aðila (utan PCT) verði svipaður á spátímabilinu og verið hefur s.l. 5 ár eða um 18 umsóknir á ári (kafla 2.1.2). Þá er með svipuðum aðferðum reynt að spá fyrir um fjölda alþjóðlegra einkaleyfisumsókna (PCT-umsókna) hér á landi bæði með og án aðildar að EPC og kostnað við móttöku þeirra í hvoru tilviki. Talið er líklegt að við aðild að EPC fækki PCT umsóknum hér úr 440 í 293 á fyrsta ári og síðan um 147 umsóknir á ári. Það þýðir að PCT umsóknir falla út á þremur árum (kafla 2.1.3) og tekjur ELS af umsóknargjöldum þar með.

Mest óvissa ríkir um það hve mörg einkaleyfi yrðu veitt hér á landi ef Ísland gerist aðili að EPC. Þessi þáttur er afgerandi varðandi fjárhagsleg áhrif aðildar fyrir Ísland (ELS). Skýringin er einföld: EPO fær í sinn hlut allar tekjur af umsóknargjöldum, viðbótargjöldum og árgjöldum, áður en umsókn leiðir til einkaleyfis. En eftir að einkaleyfi er veitt koma 50% árgjalda til aðildarríkjanna og

einnig fá þau tekjur af útgáfugjöldum. – Með samanburði á þróun í Finnlandi, Lettlandi og Litháen (eftir aðild þessarra ríkja að EPC) er í skýrslunni reynt að spá fyrir um fjölda veittra EPO-einkaleyfa hér á landi og breytingar (skerðingu) á tekjum ef til aðildar kemur.

Í þeim kafla skýrslunnar sem fjallar um þróun tekna hjá ELS á spátímabilinu (kafla 2.2) eru öll verndarsviðin (einkaleyfi, vörumerki og hönnun) tekin með í reikninginn. – Fyrir liggur sú reynsla annarra ríkja að á fyrstu árunum eftir aðild er um tekjuskerðingu að ræða. Skýrsluhöfundur leiðir að því líkur að skerðing á tekjum ELS fram til ársins 2010 gæti numið um 70 mkr. (neðri mörk 50 mkr. og efri mörk 85 mkr.). Þá er miðað við að aðild gæti verið komin í kring á árinu 2003 og tekjur af fyrstu EPO- einkaleyfunum færu að skila sér til ELS á árinu 2005. Tekið er skýrt fram að það „þyrfti að veða og meta hagræði og óhagræði annarra þátta sem snúa að einkaleyfamálum og aðildar Íslands að EPC svo hægt sé að skera úr um það hvort aðild borgi sig þegar á heildina er litið” (kafla 3.1). Meðal þátta sem koma við sögu við slíkt mat er þróun gjaldskrár, þ.e. hækkun umsóknar-, viðbótargjalda og árgjalda, breyting á árlegum afskriftum umsókna o.fl. Síðast en ekki síst þarf að líta til þess hve marga starfsmenn ELS þyrfti að ráða til sín á næstu árum ef ekki kæmi til aðildar.

Niðurstaða skýrslunnar er sú að „ef horft er til ársins 2010, þá er hagkvæmara fyrir rekstur ELS að Ísland standi utan EPC”. Þessi niðurstaða er þó „háð þeim forsendum sem gefnar hafa verið og þeirri staðreynd að einungis er horft til ársins 2010” ..... og „að hér er einungis verið að skoða rekstrarniðurstöðu ELS, en aðrir þættir varðandi aðild Íslands að EPC hafa ekki verið skoðaðir, þ.á

m. hugsanlegt hagræði fyrir viðskiptavinum og stöðu einkaleyfamála á Íslandi á komandi árum með eða án aðildar.” Niðurlagsorð skýrslunnar eru þessi: „Heildarmynd af kostum og göllum þess að Ísland gerist aðili að EPC fæst varla nema metin séu áhrif margra þátta auk þeirra fjárhagslegu áhrifaþátta sem hér hefur verið fjallað um.”

## Tengsl við innlend samtök og stofnanir

### Samtök um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar (SVESI)

Samtökin leggja einkum áherslu á fræðslu um hugverkaréttindi og eiga aðild að alþjóðlegum samtökum (AIPPI) sem vinna að sama markmiði – Í janúar efndi SVESI til umræðufundar á Hótel Sögu um efnið „líftækni og einkaleyfi“. Fyrirlesari var Ásdís Magnúsdóttir, lögfræðingur og fjallaði erindi hennar um vernd uppfinninga á sviði líftækni og nýja tilskipun Evrópusambandsins varðandi þá vernd.

### Félag umboðsmanna einkaleyfa og vörumerkja

Í nóvember var haldinn fundur með fulltrúum frá iðnaðarráðuneyti og Félagi umboðsmanna. Til umræðu voru einkum reglur um þýðingar-skyldu á einkaleyfisumsóknum og fyrirhugaðar breytingar í því efni. Stefnt er að því að starfsmenn ELS og fulltúar frá félaginu hittist a.m.k. einu sinni á ári til að skiptast á upplýsingum og skoðunum um ýmis málefni er varða hugverkavernd.

## Önnur samtök og stofnanir

Ýmis samtök og stofnanir láta hugverka-réttindi í iðnaði til sín taka. Samstarf Einka-leyfastofunnar við þessa aðila er ekki síst á sviði fræðslu og gagnkvæmrar upplýsinga-miðlunar. En einnig liggja leiðir saman vegna þátttöku í innlendum verkefnum og alþjóðlegu samstarfi. Rannsóknarráð Íslands og Iðn-tæknistofnun eru í hópi þeirra stofnana sem ELS á að jafnaði veruleg samskipti við.

## Norrænt og alþjóðlegt samstarf

### Fundir forstjóra einkaleyfastofnananna

Forstjórar norrænu stofnananna funduðu tvisvar á árinu. – Fyrri fundurinn var haldinn í júní í Stokkhólmi. Þar var skv. venju fjallað um stöðu verkefna norrænu starfshópanna og málefni EPO og WIPO. Forstjóri ELS greindi frá skipun nefndar iðnaðarráðuneytis um hugsanlega aðild Íslands að EPC. – Síðari fundurinn var í Helsingfors í nóvember. Rætt var (auk fastra dagskráratriða) m.a um samræmingu á verklagi norrænu starfshópanna og umfang starfsins. Fram kom að Noregur mun samþykkja líftæknilskipun ESB og gera nauðsynlegar lagabreytingar á árinu 2002. Ákveðið var að halda áfram samstarfi við Eystrasaltsríkin með svipuðu sniði og verið hefur (einn sameiginlegur forstjórafundur á ári). – Ásta Valdimarsdóttir, settur forstjóri ELS, sótti fundinn.

Á árinu áttu forstjórnarnir einn fund með forstjórum einkaleyfastofnananna í Eystra-saltsríkjunum.

## Starfshópur um einkaleyfi

Norrænn vinnuhópur á sviði einkaleyfa (NAP) fundaði tvisvar á árinu.

Á fundi í Stokkhólmi í apríl var m.a. rætt um einkaleyfi á hugbúnaði og væntanlega tilskipun ESB um þessi efni. Lögð var fram tillaga að erindisbréfi fyrir vinnuhóp um málið. Þá var rætt um Evrópusambands-einkaleyfi („community patent“) sem lengi hafa verið í undirbúningi. Fram kom að enn eru mörg atriði sem ekki er samstaða um, t.d. varðandi dómstóla og tungumál. Þá var rætt um breytingar sem eru á döfni á PCT-samningnum varðandi lengingu á fresti til yfirfærslu umsókna. – Lögð var fram tillaga að erindisbréfi fyrir vinnuhóp um líftækni. – Fundinn sóttu Elín R. Jónsdóttir, deildarstjóri og Borghildur Erlingsdóttir lögfræðingur.

Á fundi í Helsinki um mánaðamótin október/nóvember var m.a. rætt um samstarf vinnuhóps um mælikvarða á skilvirkni við meðferð umsókna („benchmarking“) og gerð grein fyrir niðurstöðum þeirra. Varðandi líftækni var rætt um breytingar þær sem gera þarf á lögum vegna líftæknilskipunar ESB og staða þeirra mála í hverju landi. Haldinn hefur verið einn fundur í vinnuhópi vegna lagabreytinga sem gera þarf vegna endurskoðunar á Evrópusamningnum um einkaleyfi (EPC) og breytinga á alþjóða-samningnum um einkaleyfi (PLT). Fram kom ósk um sameiginlegt átak til að koma norrænum einkaleyfum á rafrænt form. – Fundinn sótti Elín R. Jónsdóttir, deildarstjóri einkaleyfedeildar.

## Starfshópur um vörumerki

Vinnuhópurinn hélt tvo fundi á árinu.

Fyrri fundurinn var í Kaupmannahöfn í mars. Þar var einkum rætt um vernd vörumerkja á Netinu, gæðastjórnun innan stofnananna, breytingar á vörumerkjalögum í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi sem og framkvæmd breytinga á flokkun vöru og þjónustu skv. Nice-samningnum.

Síðari fundurinn var í Helsinkí í nóvember. Á fundinum var m.a. rætt um framkvæmd breytinga á flokkun vöru og þjónustu skv. Nice-samningnum, starfsþjálfun starfsmanna stofnananna, helstu nýjungar varðandi vörumerkjamál í hverju landi fyrir sig ásamt þróun mála hjá Evrópsku vörumerkjastofnuninni, OHIM.

Fundina sóttu fulltrúar frá öllum norrænu einkaleyfastofnunum.

Lilja Aðalsteinsdóttir, deildarstjóri og Lára Helga Sveinsdóttir, lögfræðingur, sóttu báða fundina.

## Starfshópur um hönnun

Hópurinn hittist þrisvar á árinu: í Stokkhólmi í mars, í Khöfn í maí og í Reykjavík í ágúst.

Tilgangur fundanna var að ræða vinnu við frumvarp til laga um hönnun og viðeigandi reglugerð. – Markmið norrænnar samvinnu á þessu sviði er að samræma svo sem unnt er hönnunarlæg Norðurlanda.

Fundina sóttu fulltrúar frá öllum norrænu einkaleyfastofnunum. Fulltrúar ELS á tveimur fyrri fundunum voru Borghildur Erlingsdóttir, lögfræðingur og Lilja Aðalsteinsdóttir, deildarstjóri. Þær sátu einnig fundinn í Reykjavík ásamt Grétari Inga Grétarssyni, lögfræðingi.

## Fundur stjórnarstofnana WIPO

Árlegur fundur stjórnarstofnana WIPO var haldinn í lok september. Á dagskrá fundarins (PCT-sambandið) voru m.a. breytingar á PCT-samningnum (s.s. grein 22(1)) og viðeigandi breytingar á reglum (PCT-Rules) við hann. Þá voru einnig samþykktar breytingar varðandi umsóknargjöld. – Veruleg vinna hefur verið lögð í það á síðustu árum („Working Group on Constitutional Reform“) að reyna að samræma sjónarmið aðildarríkja til grundvallarbreytinga á stofnsamningi WIPO. Þær miða m.a. að því að sameina sérsamböndin í eitt samband („The Unitary Assembly“). Þá voru einnig samþykktar tillögur vinnuhóps um nokkrar breytingar á reglugerð við Madrid-samninginn og Madrid-bókunina.

Forstjóri og deildarstjóri einkaleyfadeildar tóku þátt í fundinum. Þau lögðu fram á fundinum yfirlit um helstu áherslur í starfi Einkaleyfastofunnar á árinu og framundan (birt á heimasíðu ELS).

## Sérfræðingahópur EFTA/ESB

Fundur sérfræðingahópsins um hugverkarettindi var haldinn í Brussel í maí. Rætt var m.a. um stöðu ESB-einkaleyfa („community patent“). Gert er ráð fyrir að málið kunní að skýrast fyrir árslok 2002. Varðandi smáeinkaleyfi („utility models“) er reiknað með að málið verði sett í biðstöðu þar til eitthvað gerist varðandi ESB-einkaleyfin.

Borghildur Erlingsdóttir, lögfræðingur, sótti fundinn.



## Samskipti við Eystrasaltsríki

Í tengslum við 10 ára afmæli litháísku einkaleyfstofnunarinnar í apríl gekkst Litháendeild Alþjóðasamtaka um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar (AIPPI) fyrir ráðstefnu um einkaleyfi og vörumerki.

Ráðstefnan var haldin í Vilnús í Litháen.

Forstjóri Einkaleyfastofunnar sótti ráðstefnuna og flutti þar erindi um vernd hugverkaréttinda á Íslandi og áhrif alþjóðlegrar og svæðisbundinnar þróunar á starfsemi lítilla stofnana á borð við ELS.

– 0 –

